

REGLUGERÐ

um störf rannsóknarnefndar samgönguslysa.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að stuðla að auknu öryggi í samgöngum með því að kveða nánar á um hvernig rannsóknnum samgönguslysa og samgönguátvika skuli háttað.

Rannsókn samkvæmt reglugerð þessari skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa.

Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við samgönguslys eða samgönguátvik fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála og er óháð rannsókn samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til starfsemi rannsóknarnefndar samgönguslysa.

3. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alvarleg meiðsl:* Meiðsl sem einstaklingur hefur hlotið í samgönguslysi og:
 - a. leiða til sjúkrahúsvistar sem varir lengur en í 6 klukkustundir og hefst innan sjö daga frá því að einstaklingurinn slasast, eða
 - b. valda beinbroti (fyrir utan minni háttar brot á fingrum, tám eða nefi), eða
 - c. valda skurðsárum sem af leiðir alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða sinum, eða
 - d. innri líffæri skaddast, eða
 - e. valda annars eða þriðja stigs bruna eða brunasárum sem þekja meira en 5% af yfirborði líkamans, eða
 - f. hafa sannanlega valdið því, að einstaklingur hefur komist í snertingu við smitandi efni, hættuleg efni eða skaðlega geislun, nema þegar meiðslin eiga sér eðlilegar orsakir, eru af völdum einstaklingsins sjálfs eða annars, eða þegar meiðsl verða á laumufarþega sem leynist utan svæðis sem farþegar og áhöfn hafa venjulega aðgang að.
2. *Alvarlegt flugatvik:* Flugatvik sem verður við aðstæður sem benda til þess að legið hafi við slysi. Skrá yfir dæmigerð alvarleg flugatvik sem ber að rannsaka er að finna í viðauka með reglugerð þessari.
3. *Alvarlegt umferðaratvik:* Atvik eða aðstæður í tengslum við umferð ökutækja sem ekki er umferðarslys en getur leitt til alvarlegs slyss á vegfarendum eða tjóni á ökutækjum, umferðarmannvirkjum og umhverfi sé því ekki afstýrt.
4. *Banaslys:* Samgönguslys þegar einstaklingur lætur lífið innan 30 daga frá þeim degi er slysið varð, enda verði banamein hans að nokkru eða öllu leyti rakið til slyssins.
5. *Flugslys:* Atburður sem verður í tengslum við starfrækslu loftfars frá því að einstaklingur fer um borð í loftfarið í þeim tilgangi að fljúga með því og þar til allir eru farnir frá borði þar sem:
 - a. maður lætur lífið eða hlýtur alvarleg meiðsl vegna þess að:
 - hann var um borð í loftfarinu, eða
 - hann var í beinni snertingu við einhvern hluta loftfarsins, þar á meðal hluta sem hafa losnað frá loftfarinu, eða
 - hann varð fyrir útblæstri þotuhreyfils,nema þegar meiðslin eða andlátíð eiga sér eðlilegar orsakir, eru af völdum einstaklingsins sjálfs eða annars eða þegar meiðslin eða andlátíð verða á laumufarþegum sem leynast utan svæðis sem farþegar og áhöfn hafa venjulega aðgang að; eða

- b. loftfar verður fyrir skemmdum eða bilun eða brestur verður í burðarvirki þess sem:
- hefur veruleg áhrif á styrkleika þess, afkastagetu eða flugeiginleika og
 - myndi að öllu jöfnu krefjast mikillar viðgerðar eða þess að skipt væri um viðkomandi hlut,
- nema um sé að ræða hreyfilbilun eða skemmd sem takmarkast við hreyfil, hlífar hans eða fylgibúnað eða um er að ræða skemmdir sem takmarkast við loftskrúfur, vængenda, loftnet, hjólbarða, hemla, hlífar, smádældir eða göt á ytra byrði loftfarsins; eða
- c. loftfars er saknað, þ.e. þegar opinberri leit hefur verið hætt og flak hefur ekki fundist, eða engin leið er að komast að því.
6. *Flugumferðaratvik*: Flugatvik sem aðallega tengist reglum er varða flugumferðarþjónustu og þar sem loftför fara hvort fram hjá öðru í slíkri nánd að hættuástand verður eða þar sem aðrir erfiðleikar, sem orsakast af ófullnægjandi starfsaðferðum eða af því að ekki var farið eftir viðurkenndum starfsaðferðum eða af göllum í tækjabúnaði á jörðu, valda því að hættuástand skapast.
7. *Samgönguslys*: Flugslys, sjóslys eða umferðarslys í samræmi við orðskýringar í reglugerð þessari.
8. *Samgönguavatvik*: Alvarlegt flugatvik, þar með talið flugumferðaratvik, alvarlegt umferðaratvik og sjóatvik í samræmi við orðskýringar í reglugerð þessari.
9. *Sjóatvik*: Sá atburður, eða röð atburða, annar en sjóslys, sem gerst hefur í beinum tengslum við útgerð skips, sem stofnar öryggi skipsins í hættu, þeirra sem um borð eru eða annarra eða umhverfisins sé atburðinum ekki afstýrt. Undir sjóatvik falla ekki athafnir sem með beinum ásetningi eða athafnaleysi er ætlað að skaða öryggi skips, einstaklinga eða umverfið.
10. *Sjóslys*: Sá atburður, eða röð atburða, sem í tengslum við útgerð skips leiðir til einhvers af eftirfarandi:
- a. dauðsfalls eða alvarlegra meiðsla á einstaklingi;
 - b. einstaklingur fellur fyrir borð;
 - c. skip ferst, ætla má að skip hafi farist eða verið yfirgefið;
 - d. skemmdir verða á skipi;
 - e. skip strandar eða verður ófært til siglinga eða skip lendir í árekstri;
 - f. skemmdir verða í tengslum við útgerð skips á utánaliggjandi búnaði/virki skips sem gæti sett öryggi skipsins í hættu eða annað skip eða einstakling;
 - g. mikil umhverfisspjöll verða eða mögulega alvarleg umhverfisspjöll sem gætu hlotist af tjóni skips eða skipa.
- Undir sjóslys falla ekki athafnir sem með beinum ásetningi, annaðhvort með athöfn eða athafnaleysi, er ætlað að skaða öryggi skips, einstaklinga eða umhverfið.
11. *Umferðarslys*: Þar sem a.m.k. eitt ökutæki á hreyfingu á aðild að slysi á opinberum vegi, einka-vegi eða svæði sem opið er almennri umferð.

4. gr.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Rannsókn samgönguslysa og samgönguavátvika, eins og þau eru skilgreind í lögum um rannsókn samgönguslysa og reglugerð þessari, er í höndum rannsóknarnefndar samgönguslysa.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum, öðrum rannsóknar-aðilum, ákærvaldi og dómstólum. Hún ákveður sjálf hvenær efni eru til rannsóknar samgönguslysa og samgönguavátvika, samkvæmt lögum um rannsókn samgönguslysa og reglugerð þessari.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa er heimilt að taka til rannsóknar önnur slys og atvik ef hún telur að það hafi þýðingu almennt fyrir samgönguöryggi.

5. gr.

Nefndarfundir o.fl.

Formaður rannsóknarnefndar samgönguslysa eða staðgengill hans boðar fundi og stjórnar þeim. Þeim er heimilt að fela rannsóknarstjóra í einstaka slysa- og atvikaflokki að annast fundarboðun.

Nefndin setur sér nánari starfsreglur um fyrirkomulag funda. Ákvarðanir nefndarinnar skulu teknar á fundum.

Fundur nefndarinnar er lögmætur ef þrír nefndarmenn sitja fund enda hafi þeir menntun eða starfsreynslu á því sviði sem tekið er fyrir. Nefndin heldur fundi eftir þörfum og heldur fundargerðabók. Ef nefndarmaður forfallast um stundarsakir tekur varamaður hans sæti í nefndinni.

Nefndinni er heimilt að kalla til starfa varamenn nefndarinnar og/eða sérfræðinga á tilteknum sviðum í því skyni að upplýsa mál.

6. gr.

Hæfi.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og starfsmanna nefndarinnar fer eftir ákvæðum laga um rannsókn samgönguslysa og stjórnsýslulaga.

7. gr.

Nánar um framkvæmd rannsókna.

Rannsókn samgönguslyss eða samgönguatviks skal hafin eins fljótt og unnt er eftir að slys eða atvik á sér stað.

Að minnsta kosti þrír nefndarmenn skulu taka þátt í meðferð hvers máls sem til rannsóknar er og skulu þeir hafa menntun eða starfsreynslu á því sviði. Ef mál sem er til rannsóknar er umfangsmikið eða varðar hagsmuni sem eru mjög mikilvægir frá almennu sjónarmiði getur formaður ákveðið að fimm nefndarmenn skuli taka þátt í meðferð máls. Formaður nefndarinnar tekur ákvörðun í ljósi atvika um hvenær nefndin skal vera fullskipuð.

Rekstrarstjóri skal, að fenginni tillögu rannsóknarstjóra hvers slysa- og atvikaflokks, setja verklagsreglur um framkvæmd rannsókna flugslysa, alvarlegra flugatvika, sjóslysa, sjóatvika, umferðarslysa og alvarlegra umferðaratvika, svo sem um miðlun upplýsinga vegna tilkynnta slysa og atvika. Skal í því efni höfð hliðsjón af alþjóðlegum stöðlum og viðmiðunum á viðkomandi rannsóknarsviði.

Rannsóknir nefndarinnar skulu vera í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði samgöngumála.

Við rannsókn erlends ríkis á flugslysi íslenskra flugvéla eða sjóslysi íslenskra skipa skal rannsóknarstjóri viðkomandi slysa- og atvikaflokks tilnefna trúnaðarfulltrúa við rannsóknina og skipa honum ráðgjafa.

Stjórnandi rannsóknar ákvarðar umfang rannsóknar einstakra slysa og atvika. Ef um er að ræða meiriháttar eða óvenjulegar ráðstafanir skal hann hafa samráð við rekstrarstjóra nefndarinnar.

Ef vafi er um hvort rannsóknarnefnd samgönguslysa skuli rannsaka slys eða atvik eða önnur rannsóknarnefnd innan Evrópska efnahagssvæðisins skal nefndin vinna eins hratt og unnt er að samkomulagi um hvaða nefnd hafi forræði á rannsókn máls. Rannsóknarnefnd samgönguslysa er heimilt að fela rannsóknarnefnd annars ríkis að sjá um rannsókn tiltekins máls eða að sjá um tiltekinn hluta rannsóknar.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa setur sér nánari starfsreglur um framkvæmd rannsókna.

8. gr.

Útbúnaður, tæki og þjálfun.

Rekstrarstjóri rannsóknarnefndar samgönguslysa leitast við að afla þess búnaðar, tækja og þjálfunar sem nauðsynleg er rannsakendum, nefndarmönnum og öðru starfs- og aðstoðarliði nefndarinnar til að sinna lögboðnu hlutverki sínu. Skal í því efni höfð hliðsjón af alþjóðlegum kröfum á sviði slysarannsókna.

9. gr.

Persónuskilríki.

Ráðherra lætur nefndarmönnum í té persónuskilríki til sönnunar um réttarstöðu þeirra og heimildir í störfum.

Rekstrarstjóri getur látið öðrum starfsmönnum og aðstoðarliði nefndarinnar og sérfræðingum á hennar vegum í té sérstök skilríki til staðfestingar á heimildum þeirra vegna starfa fyrir nefndina, eftir því sem þörf krefur.

10. gr.

Skýrslur nefndarinnar.

Stjórnandi rannsóknar skal gera áfangaskýrslur eftir því sem við á og drög að lokaskýrslu til rannsóknarnefndar samgönguslysa. Ef stjórnandi rannsóknar er annar en rannsóknarstjóri skal hann hafa samráð við rannsóknarstjóra viðkomandi slysa- og atvikaflokks.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa getur gefið þeim aðilum sem að mati nefndarinnar hafa ríkra hagsmuna að gæta kost á að tjá sig um drög að lokaskýrslu innan tilskilins frests, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal tilkynna nánustu kunnun aðstandendum þeirra sem láta lífið í samgönguslysum þegar fyrirhugað er að birta skýrslu um rannsókn einstaks máls.

Ársskýrslur rannsóknarnefndar samgönguslysa og skýrslur nefndarinnar um rannsóknir einstakra mála skulu teljast réttilega birtar um leið og þær eru gerðar aðgengilegar almenningi á heimasíðu nefndarinnar og á skrifstofu hennar.

Stjórnandi rannsóknar skal rita undir lokaskýrslu nefndarinnar fyrir hennar hönd.

Rekstrarstjóri er ritstjóri ársskýrslu nefndarinnar.

Skýrslur nefndarinnar og yfirlýsingar um stöðu rannsóknar skal senda ráðherra, Samgöngustofu og/eða Vegagerðinni, eftir því sem við á.

11. gr.

Persónuupplýsingar.

Öll meðferð og vinnsla rannsóknarnefndar samgönguslysa skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

12. gr.

Sérstakar skyldur rekstrarstjóra.

Rekstrarstjóri ber ábyrgð á og stjórnar daglegum rekstri nefndarinnar, þ.m.t. fjárreiðum og bókhaldi hennar sem og að starfsemi nefndarinnar sé í samræmi við fjárhagsáætlun og það sem fjárveitingar til nefndarinnar leyfa. Skal hann gera fjárhagsáætlun fyrir starfsemi nefndarinnar hvert ár í samráði við formann nefndarinnar. Fjárhagsáætlun skal kynnt nefndinni áður en hún er send ráðuneytinu. Rekstrarstjóri ber einnig ábyrgð á gerð ársreiknings nefndarinnar. Þá skal hann gæta þess að starfsemi nefndarinnar sé í samræmi við gildandi lög og reglur.

13. gr.

Tilkynningar.

Tilkynningar um samgönguslys og samgöngu- og atvik skulu sendar rannsóknarnefnd samgönguslysa án undandrátta og án ástæðulausrar tafar, sbr. 12., 16. og 20. gr. laga um rannsókn samgönguslysa. Þau ber að tilkynna símleiðis, svo fljótt sem kostur er. Einnig má tilkynna um samgönguslys og samgöngu- og atvik á eyðublaði, sem nefndinni er heimilt að gefa út.

14. gr.

Varðveisla rannsóknargagna.

Varðveita skal örugglega þau gögn sem tekin eru í vörslu nefndarinnar og skal í þeim efnum tryggja:

- a. vistun upplýsinga úr kortum, dagbókum, rafrænum upptökum og rafsegulbandsupptökum ásamt myndböndum eftir því sem við á, þ.m.t. upplýsingar úr flugritum, sjóritum og ökuritum og öðrum rafeindabúnaði sem varða tímabilið áður en slys átti sér stað, þegar það átti sér stað og eftir að það átti sér stað,
- b. að komið sé í veg fyrir að skrifað sé yfir slíkar upplýsingar eða þeim breytt á annan hátt,
- c. að komið sé í veg fyrir að truflun verði á hvers konar öðrum búnaði sem telja má að geti skipt máli fyrir rannsókn á slysi eða atviki.

Rannsóknarnefndin skal varðveita gögn sem tekin eru í vörslu hennar í öruggum geymslum.

Rannsóknarnefndinni er heimilt að setja sér nánari starfsreglur um vörslu rannsóknargagna.

15. gr.

Viðvörðun.

Sé það mat rannsóknarnefndar samgönguslysa að knýjandi þörf sé á aðgerðum innan Evrópska efnahagssvæðisins til að fyrirbyggja áhættuna á því að ný slys eigi sér stað skal nefndin, án ástæðulausrar tafar, upplýsa ráðherra og Eftirlitsstofnun EFTA um nauðsyn þess að gefa út viðvörðun.

16. gr.

Skráning samgönguslysa og samgönguátvika.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa annast skráningu allra samgönguslysa og samgönguátvika. Nefndinni er heimilt að undanskilja skráningu tiltekins slysa- eða atvikaflokks að því leyti sem slík skráning er í höndum annarra stofnana.

Nefndinni er heimilt að leita samráðs og samvinnu við Slysaskrá Íslands um skráningu samgönguslysa og samgönguátvika. Skráning samgönguslysa og samgönguátvika skal fara fram í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Upplýsingar vegna rannsókna samgönguslysa og samgönguátvika skulu skráðar í gagnagrunna sem settir hafa verið upp á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Tilkynningar í gagnagrunn vegna sjóslysa og sjóatvika skulu vera í samræmi við snið það sem finna má í viðauka II við reglugerð þessa.

Nefndin skal birta í ársskýrslu sinni upplýsingar um skráningar og greiningu samgönguslysa og samgönguátvika.

17. gr.

Samstarf við erlend ríki.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal leggja áherslu á gott samstarf við rannsóknarnefndir annarra ríkja í samræmi við markmið reglugerðar þessarar og laga um rannsókn samgönguslysa.

Samstarf við erlendar nefndir getur m.a. verið á eftirfarandi sviðum:

- a. nýting aðstöðu og búnaðar til tæknilegrar rannsóknar auk annarra hluta er varða rannsókn, þ.m.t. öflun upplýsinga úr flugritum og öðrum rafeindatækjum,
- b. tæknisamstarf og miðlun sérfræðiþekkingar,
- c. þjálfun rannsakenda,
- d. gagnkvæm skipti upplýsinga vegna greiningar slysaágangna, eða hvers konar upplýsinga sem nýst geta við rannsókn.

Skipti á upplýsingum við erlendar rannsóknarnefndir skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

18. gr.

Tillögur í öryggisátt.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal gera tillögur um úrbætur í öryggismálum, sbr. 35. gr. laga um rannsókn samgönguslysa. Tillögurnar skulu byggðar á upplýsingum úr tiltekinni rannsókn og settar fram í því skyni að koma í veg fyrir samgönguslys og alvarleg samgönguátvik. Rannsóknarstjórar skulu viðhalda gagnagrunni sem er aðgengilegur á vefsvæði nefndarinnar og upplýsa þar um viðbrögð við tillögnum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal setja sér verklagsreglur um tillögur í öryggisátt, sbr. 1. mgr. þessarar greinar.

19. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldir gerðir Evrópusambandsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB frá 23. apríl 2009 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á slysum á sviði sjóflutninga og um breytingu á tilskipun ráðsins 1999/35/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu

- EES-nefndarinnar nr. 62/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 2. ágúst 2012, bls. 51. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 27. september 2012, bls. 326.
2. Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2011 frá 5. júlí 2011 um samþykkt starfsreglna í varanlegu samstarfi sem aðildarríkin komu á í samstarfi við framkvæmdastjórnina skv. 10. gr. tilskipunar ráðsins 2009/18/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6, 24. janúar 2013, bls. 17. Framkvæmdareglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 27. september 2012, bls. 232.
 3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1286/2011 frá 9. desember 2011 um samþykkt sameiginlegrar aðferðafræði við rannsókn sjóslysa og atvika á sjó sem þróuð er skv. 4. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, 21. júní 2012, bls. 33. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9, 7. febrúar 2013, bls. 522.

20. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 40. gr., sbr. og a-, b-, c-, d-, f-, g-, h-, j- og k-liðum sömu greinar, laga nr. 18, 6. mars 2013, um rannsókn samgönguslysa, með síðari breytingum.

Reglugerðin tekur þegar gildi og falla þá úr gildi reglugerð um rannsókn sjóslysa, nr. 133/2001, reglugerð um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 702/2005 og reglugerð um rannsókn flugslysa, nr. 80/2006.

Innanríkisráðuneytinu, 16. júlí 2013.

Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI I

Skrá með dæmum um alvarleg flugatvik.

*Flugatvikin sem talin eru hér upp eru dæmigerð fyrir alvarleg flugatvik.
Skráin er ekki tæmandi og er einungis til viðmiðunar
við skilgreiningu á „alvarlegu flugatviki“.*

- Árekstrarhætta þar sem sveigja varð frá eða þegar rétt hefði verið að sveigja frá til þess að koma í veg fyrir árekstur eða óöruggar aðstæður.
- Naumlega var komið í veg fyrir að flogið væri í jörð undir fullri stjórn (CFIT).
- Hætt var við flugtak á lokaðri eða upptekinni flugbraut og naumlega forðað árekstri við hindranir í flugtaki af slíkri braut.
- Lending eða tilraun til að lenda á lokaðri eða upptekinni flugbraut.
- Alvarleg frávik frá tilætlaðri afkastagetu í flugtaki eða í frumklifri. Sérhver eldur og reykur í farþegarými, í vörurými eða eldur í hreyfli jafnvel þótt slíkur eldur sé slökktur með slökkviefni.
- Sérhvert tilvik þar sem nauðsynlegt var að flugáhöfn gripi til súrefnis í neyð.
- Bilun eða brot í burðarvirki loftfarsins eða sundrun hreyfils sem ekki flokkast undir flugslys.
- Margþætt bilun í einu eða fleiri kerfum loftfarsins sem hefur alvarleg áhrif á starfrækslu þess.
- Flugliðar verða ófærir um að gegna störfum sínum í flugi.
- Sérhvert tilvik þegar eldsneytismagn loftfars á flugi veldur því að flugmaður verður að lýsa yfir neyðarástandi.
- Óhöpp í flugtaki og í lendingu, svo sem ef loftfar skammlendir, rennur út af brautarenda eða út af hlið flugbrautar.
- Kerfisbilanir, óvenjuleg veðurskilyrði, starfræksla utan viðurkenndra afkastamarka og önnur atvik, sem geta valdið erfiðleikum við stjórn loftfarsins.
- Bilun meira en eins kerfis í kerfaheild sem krafist er fyrir stjórn loftfars og flugleiðsögu.

VIÐAUKI II

Tilkynningagögn um sjóslys eða atvik á sjó.*(Hluti af Evrópugagnagrunni og -vettvangi fyrir sjóslys).*

Athugasemd: Undirstrikaðar tölur merkja að leggja skal fram gögn fyrir hvert skip, ef fleiri en eitt skip á hlut að sjóslysi eða atviki á sjó.

01. Ábyrgðaraðili/tengiliður í aðildarríki.
02. Rannsakandi aðildarríkis.
03. Hlutverk aðildarríkis.
04. Strandríki sem verður fyrir áhrifum.
05. Fjöldi ríkja sem eiga mikilla hagsmuna að gæta.
06. Ríki sem eiga mikilla hagsmuna að gæta.
07. Tilkynningaraðili.
08. Tími tilkynningarinnar.
09. Dagsetning tilkynningarinnar.
10. Nafn skips.
11. IMO-númer/einkennisstafir.
12. Fáni skips.
13. Tegund sjóslyss eða atviks á sjó.
14. Tegund skips.
15. Dagsetning sjóslyss eða atviks á sjó.
16. Tími sjóslyss eða atviks á sjó.
17. Staðarákvörðun – breidd.
18. Staðarákvörðun – lengd.
19. Staðsetning sjóslyss eða atviks á sjó.
20. Brottfararhöfn.
21. Ákvörðunarhöfn.
22. Aðskildar siglingaleiðir.
23. Hluti sjóferðar.
24. Starfsemi skips.
25. Staður um borð.
26. Manntjón:
 - Áhöfn.
 - Farþegar.
 - Aðrir.
27. Alvarleg meiðsl:
 - Áhöfn.
 - Farþegar.
 - Aðrir.
28. Mengun.
29. Tjón á skipi.
30. Tjón á farmi.
31. Annað tjón.
32. Stutt lýsing á sjóslysi eða atviki á sjó.
33. Stuttur rökstuðningur fyrir því að öryggisrannsókn fari ekki fram.